

Einar Höskuldsson

Einar Höskuldsson, lengst af kenndur við Mosfell, er frumkvöðull í tamningum á Íslandi. Hann var byrjaður að temja hesta um miðjan sjötta áratug síðustu aldar og var með þeim fyrstu sem störfuðu við tamningar á skipulögðum tamningastöðvum. Má þar nefna tamningastöðina á Blönduósi, sem var sett á laggirnar upp úr 1960.

Einar var einn af stofnendum Félags tamningamanna og starfaði í félaginu í mörg ár. Hann er í þeim hópi íslenskra hestamanna og tamningamanna sem þekkja hestinn frá öllum hliðum, ef svo má segja, sem vinnuhest, ferðahest, listrænan gæðing, — og sem mynt í viðskiptum þegar svo bar undir. Hann hefur alltaf verið trúr hinni gömlu íslensku reiðmennsku og hefur ákveðnar skoðanir á þeim málum. Í gömlum blöðum má finna greinaskrif eftir Einar þar sem hann setur fram skoðanir sínar, en hann er eins og allir vita sem til þekkja fagurkeri á íslenskt mál, bæði ritað og talað.

Einar er þó líklega þekktastur fyrir störf sín sem viljaprófari í kynbótadómum, en í allmörg ár var það vinnuregla að reiðmaður var fenginn til að fara á bak öllum kynbótahrossum sem í dóm komu. Enginn þótti betur fallinn til starfans en Einar. Um næmi hans, dómgreind og færni var ekki deilt. Naut hann óskoraðs traust í þessu starfi. Hann sá um þennan þátt dómanna á þremur Landsmótum og þremur fjórðungsmótum.

Að lokum er rétt að geta þess að Einar hefur alla tíð verið ræktandi. Hápunkturinn á þeirri vegferð er þegar hann gaf okkur hana Rúnu Einarsdóttur, sem breytti viðhorfum okkar íslenskra hestamanna til hins betra í tamningum, meðferð hrossa og snyrtimennsku þau ár sem hún starfaði á Stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti. Rétt er að taka fram að það gerði hann með hjálp eiginkonu sinnar Bryndísar Júlíusdóttur, sem er stödd hér líka.

Einar Höskuldsson hlýtur gullmerki LH fyrir framlag sitt til hestamenskunnar.